



Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 22. mars 2021

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Landssamband kúabænda hefur í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á að neytendur hafi bæði aðgang að réttum upplýsingum og sem mestum um þau matvæli sem þeir neyta, hvort sem snýr að uppruna, kolefnisspori, framleiðsluháttum eða öðru sem hefur áhrif á val þeirra. Hér er lagt til að heimilt verði að miðla lögbundnum upplýsingum um matvæli til neytenda með stafrænum hætti, í stað þess að upplýsingarnar komi fram á umbúðunum sjálfum.

Sú leið sem lögð er hér til mun auðsjáanlega fela í sér aukna fyrirhöfn fyrir neytendur við að afla sér upplýsinga um matvælin. Það er hæpið að sjá að þessháttar miðlun upplýsinga, þ.e. einungis á stafrænan hátt, geti komið í stað merkinga á umbúðum, þó hún gæti boðið upp á upplýsingagjöf til viðbótar við lögbundnar upplýsingar sem væri vel. Það er því mat samtakanna að þessi breyting er ekki til þess fallin að gæta hagsmuna neytenda.

Virðingarfyllst,

Margrét Gísladóttir

Margrét Gísladóttir

Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda